

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóðinn Traustur vinur

1. gr.

Stofnendur.

Lex ehf., kt. 570297-2289, Borgartúni 26, 105 Reykjavík.

2. gr.

Framlag stofnenda.

Stofnfé er 1.550.000 kr. sem lagt er fram af stofnanda.

3. gr.

Heimili.

Heimilisfang sjóðsins er á Grænlandsleið 11, 113 Reykjavík.

4. gr.

Ábyrgð.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hann er óháður öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum.

5. gr.

Tilgangur og starfsemi.

Tilgangur sjóðsins er að styðja fjárhagslega við bakið á Heimi Jónassyni, kt. 130466-5409 og fjölskyldu hans vegna veikinda hans. Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um framlög úr sjóðnum eftir fjárhagslegum þörfum fjölskyldunnar hverjum sinni. Eignum sjóðsins skal varið til hvers kyns framfærslu Heimis og fjölskyldu hans, til kaupa á eignum sem tengjast þörfum Heimis og fjölskyldu hans á hverjum tíma og eftir atvikum til niðurgreiðslu á skuldum fjölskyldunnar.

6. gr.

Skipulag stjórnar.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum. Stjórnina skipa Júlíus Jónasson, kt. 220864-3919, Andri Þór Guðmundsson, kt. 240966-2989 og Kristján Pálsson, kt. 060366-4119.

Stjórnarmenn sitja ótímabundið í stjórninni en segi þeir sig úr stjórn skulu þeir tilnefna nýjan mann í sinn stað. Hverfi einstaklingur úr stjórn án þess að tilnefna annan í sinn stað skulu þeir sem eftir sitja tilnefna nýjan stjórnarmann.

Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun í neinu formi fyrir störf sín.

7. gr.

Starfssvið stjórnar.

Stjórnin skal framfylgja meginmarkmiðum stofnskrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Hún skal taka allar meiriháttar ákvarðanir á vegum sjóðsins. Stjórnin ákveður m.a. stefnu sjóðsins almennt og í einstökum málefnum, sér um bókhald, gerir rekstraráætlanir og ákveður hvernig fjármunir sjóðsins skuli ávaxtaðir. Stjórn hefur umsjón með fjárvörslu sjóðsins og skal sjá til þess að þeir séu tryggilega varðveittir.

Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda eða annarra aðila.

8. gr.

Stjórnarfundir.

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti.

Ákvarðanir stjórnar eru teknar með meirihluta atkvæða. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd sjóðsins nema stjórnin sé fullskipuð.

Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

9. gr.

Fjáröflun.

Sjóðurinn veitir viðtöku styrkjum og öðrum fjárframlögum. Honum er óheimilt að taka lán.

10. gr.

Ráðstöfun eigna.

Stjórnin má eingöngu ráðstafa tekjum og eignum sjóðsins í samræmi við megintilgang sjóðsins, sbr. 5. gr.

11. gr.

Breyting á skipulagsskrá.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari með samþykki allra stjórnarmanna.

12. gr.

Slit sjóðsins.

Sjóðnum verður slitið með samþykki allra stjórnarmanna. Eignum hans skal þá ráðstafað í samræmi við tilgang hans.

13. gr.

Reikningar.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og fyrsta reikningstímabilið skal vera tímabilið frá stofnun sjóðsins til 31. desember 2018.

Stjórn sjóðsins skal ganga frá reikningum hans fyrir 1. júní ár hvert og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Endurskoðandi sjóðsins skal kosinn á aðalfundi sjóðsins ár hvert. Jóhann Unnsteinsson, endurskoðandi hjá Ernst & Young, skal vera endurskoðandi sjóðsins fyrsta starfsár hans.

14. gr.
Skipulag.

Styrktarsjóðurinn Traustur vinur er sjálfseignarstofnun samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Um reikningshald sjóðsins fer eftir þeim lögum.

15. gr.
Staðfesting.

Leita skal eftir staðfestingu sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík 12. mars 2018

Undirskriftir

Júlíus Jónasson

Andri Þór Guðmundsson

Kristján Pálsson

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.